

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.

Pétur Ingi Haraldsson

Dalbraut 12

840 Laugarvatn

17. janúar 2018

Varðandi: Framkvæmdaleyfi fyrir virkjun efri hluta Tungufljóts í Biskupstungum - Brúarvirkjun

Eins og sveitarféluginu er kunnugt samþykkti sveitarstjórn Bláskógbabyggðar, þann 12. október sl., umsókn HS Orku hf. um framkvæmdaleyfi til að reisa 9,9 MW virkjun í Tungufljóti, svokallaða Brúarvirkjun. Framkvæmdaleyfið hefur hins vegar ekki verið gefið út.

Þá liggur fyrir að annars vegar Náttúruverndarsamtök Suðurlands og Landvernd og hins vegar Kayakklúbburinn kærðu afgreiðslu sveitarstjórnar á framkvæmdaleyfinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Hefur afstöðu kærenda verið andmælt og svarað af hálfu sveitarfélagsins og HS Orku hf.

Í kæru Náttúruverndarsamtaka Suðurlands og Landverndar er byggt á fjölmögum málsástæðum sem líuta m.a. að meðferð málsins, einkum formi þess s.s. rökstuðningi sveitarstjórnar, skorti á umsögnum Umhverfisstofnunar og náttúrverndarnefndar sveitarfélagsins o.fl.

Svo enginn vafi geti leikið á lögmætum grundvelli framkvæmdaleyfis, áður en til útgáfu þess kemur og til að tryggja skýrari meðferð málsins, er þess nú farið góðfúslega á leit við Bláskógbabyggð að afgreiðsla á umsókn HS Orku hf., um framkvæmdaleyfi fyrir 9,9 MW virkjun í Tungufljóti, Brúarvirkjun, frá 12. október sl., verði endurupptekin með hliðsjón af meðfylgjandi gögnum, umsóknin afgreidd og samþykkt og fyrri afgreiðsla, frá 12. október sl., afturkölлуð samtímis.

Meðfylgjandi þessari umsókn er greinargerð (fylgigagn 1) þar sem gerð er grein fyrir fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum og vísast til hennar þar sem við á. Eins og fram kemur í greinargerðinni hefur aðalskipulagi Biskupstungnahrepps verið breytt til að samræmast virkjunarframkvæmdunum auk þess sem deiliskipulag af virkjunarsvæðinu liggur fyrir. Sérstök athygli er vakin á því að Rarik hefur fengið samþykki Vegagerðarinnar fyrir legu rafstrengs frá tengivirki stöðvarhúss til Reykholt, en samkvæmt aðalskipulagi átti það að liggja fyrir áður en framkvæmdaleyfi yrði veitt fyrir virkjunarframkvæmdum.

Í álti Skipulagsstofnunar (fylgigagn 2), dags. 20. september 2016, á matsskýrslu Brúarvirkjunar (fylgigagn 3) bendir stofnunin á og telur mikilvægt að ráðist verði í fyrirhugaða endurheimt votlendis og birkikjarrs. Í álitinu leggur Skipulagsstofnun til að sett verði eftirfarandi skilyrði:

1. Í framkvæmdaleyfi þarf að koma fram á hvaða svæðum eigi að ráðast í endurheimt votlendis og birkikjarrs í samráði við Umhverfisstofnun, Skógræktina, sveitarfélag og landeigendur.

2. Í framkvæmdaleyfi þarf að koma fram að rannsakað verði hvort straumönd verpi í eða við lónstæði fyrirhugaðrar Brúarvirkjunar og svæði sem fer undir stíflumannvirki. Rannsóknin þarf að fara fram áður en framkvæmdir hefjast við stíflu eða lónstæðið. Ef rannsóknin staðfestir varp á svæðinu þarf, með vísan til 74. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, að bera það undir Náttúrufræðistofnun Íslands hvort nauðsynlegt sé að vakta afdrif straumandar að loknum framkvæmdum.

Hvað varðar lið 1, í skilyrðum Skipulagsstofnunar, þá hefur HS Orka hf. gert samning við Skógræktina, sem jafnframt er umsjónamaður hluta landsins, um endurheimt votlendis og birkikjarrs sbr. viðauka 6 með greinargerð með umsókn þessari. Brúbisk ehf., eigandi hins hluta landsins, hefur einnig samþykkt þennan samning. Umhverfisstofnun hefur fyrir sitt leyti fallist á samninginn sbr. viðauka 7 með greinargerð með umsókn þessari. Þá hefur Náttúrufræðistofnun Íslands unnið vöktunaráætlun fyrir HS Orku hf. fyrir fugla og gróður vegna framkvæmdanna, dags. 8. janúar 2018, viðauki nr. 5 með greinargerð með umsókn þessari, sem m.a. tekur á endurheimt votlendis og birkiskógar.

Hvað varðar lið 2, í skilyrðum Skipulagsstofnunar, þá hefur HS Orka hf. látið fara fram frekari rannsókn á því hvort straumönd verpi í eða við lónstæðið, sbr. viðauka 4 með greinargerð með umsókn þessari, minnisblað Náttúrufræðistofnun ar Íslands. Í samræmi við niðurstöðu þess hefur Náttúrufræðistofnun Íslands unnið vöktunaráætlun fyrir HS Orku hf. fyrir fugla og gróður vegna framkvæmdanna, dags. 8. janúar 2018, viðauki nr. 5. sem m.a. tekur á vöktun straumandar.

Er nánar vísað um þessi atriði til umfjöllunar í kafla 7 í meðfylgjandi greinargerð og tilvísadra skjala.

Eftirfarandi upplýsingum og fylgiskjolum er ætlað að uppfylla kröfur um gögn og upplýsingar sem fylgja skulu umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir undirbúningsframkvæmdum sbr. reglugerð nr. 772/2012.

Upplýsingar um umsækjanda

Nafn:	HS Orka hf.
Kennitala:	680475-0169
Heimilisfang:	Orkubraut 3 240 Grindavík

Afstöðumynd, hnítsett í mælikvarða 1:2.000-1:500 eða í öðrum læsilegum mælikvarða

Sjá meðfylgjandi yfirlitsmynd (fylgigagn 4).

Hönnunarforsendur

Fyrirhugaðri framkvæmd er lýst í greinargerð (fylgigagn 1) sem fylgir þessari umsókn. Nákvæm hönnunargögn verða lögð fram síðar í samráði við skipulagsfulltrúa/byggingarfulltrúa Bláskóbabyggðar.

Lýsing á framkvæmd og hvernig hún fellur að gildandi skipulagsáætlunum og staðháttum

Sjá meðfylgjandi greinargerð (fylgigagn 1).

Efnistaka og haugsetning

Sjá meðfylgjandi greinargerð (fylgigagn 1) og minnisblað (viðauki 2) sem fylgir henni. Í minnisblaðinu er gerð grein fyrir stærð náma, hvernig vinnsla fer fram og frágangji að efnistöku lokinni.

Fylgigögn umsóknar:

1. Greinargerð með umsókn um framkvæmdaleyfi, dags. 17. janúar 2018, ásamt eftirfarandi viðaukum:
 - i. Viðauki 1 – Strenglögn frá Brú að Reykholti
 - ii. Viðauki 2 – Efnistaka og haugsetning
 - iii. Viðauki 3 – Botngróður og flóra í birkiskógi í fyrirhuguðu lónstæði Brúarvirkjunar við ármót Stóru-Grjótár og Tungufljóts
 - iv. Viðauki 4 – Straumendur við Tungufljót
 - v. Viðauki 5 – Vöktunaráætlun fyrir fugla og gróður vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Brúarvirkjun í Tungufljóti
 - vi. Viðauki 6 – Samningur HS Orku og Skógræktarinnar um endurheimt birkiskógar og votlendis
 - vii. Viðauki 7 – Samráð við Umhverfisstofnun um endurheimt votlendis og birkikjarrs
 - viii. Viðauki 8 Tölvupóstur með samþykki eiganda Brúbisk ehf. um samning HS Orku hf. og Skógræktarinnar um endurheimt birkiskógar og votlendis vegna framkvæmda við Brúarvirkjun
 - ix. Viðauki 9 – Drög að áætlun um vöktun á lífríki Tungufljóts eftir byggingu Brúarvirkjunar
 - x. Viðauki 10 – Samráð við Veiðifélagið Faxa og Veiðifélag Árnesinga
 - xi. Viðauki 11 – Leyfi Fiskistofu
 - xii. Viðauki 12 – Samráð við Minjastofnun Íslands um merkingar fornleifa
2. Álit Skipulagsstofnunar
3. Matsskýrsla Brúarvirkjunar
4. Yfirlitsmynd
5. Umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, Bláskógabyggð vegna Brúarvirkjunar í Tungufljóti
6. Virkjunarleyfi, dags. 24. apríl 2017
7. Leyfi Fiskistofu, dags. 15. desember 2017

Virðingarfyllst

F.h. HS Orku

Haukur Einarsson

umhverfisverkfræðingur